



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála

1. gr.

Skilgreining á heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum, þ.e. gerandi og þolandi eru skyldir, tengdir eða hafa sögu um tengsl, sbr. 2. gr. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt, kynferðislegt og/eða fjárhagslegt og felur í sér valdbeitingu eða hótun um valdbeitingu.

Forsenda fyrir skráningu máls í verkefnaflokkinn *heimilisofbeldi* er að gerandi og þolandi séu nákomnir, þ.e. skyldir eða tengdir sbr. 2.gr.

2. gr.

Tengsl aðila

Með geranda og þolanda er í reglum þessum átt við sakborning og brotþola. Til skyldra og tengdra í þessu sambandi teljast m.a. núverandi eða fyrrverandi maki, hvort sem um er að ræða hjón, sambúðarfólk eða par (þ.e. ofbeldi í nánú sambandi), börn, systkini og foreldrar eða forráðamenn. Athugið að ofbeldið getur beinst að þriðja aðila í þeim tilgangi að hóta eða ógna þolanda, t.d. nýjum maka, vinum eða fjölskyldumeðlim.

3. gr.

Brotaflokkar

Þegar um er að ræða háttsemi sem fellur undir skilgreiningu skv. 1. gr. og skyldleika eða önnur tengsl geranda og þolanda, sbr. 2. gr., og rannsókn beinist að brotum á eftirgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga (hgl.) og barnaverndarlaga (bvl.), skal auk venjubundinnar skráningar færa málið undir verkefnaflokkinn heimilisofbeldi:

- a. brot á ákvæðum 108., 231., 232., 233. og 233 gr. b. hgl.
- b. brot á ákvæðum 217., 218. og 218. b. gr. hgl.
- c. brot á ákvæðum 193., 194., 195., 199., 200., 201., 202., 206. og 209. gr. hgl.
- d. brot á ákvæðum 220., 225., 226., 227. og 227. gr. a. hgl.
- e. brot á ákvæðum 251., 252., 253. og 257. gr. hgl.
- f. brot á ákvæðum 211. og 215. gr. hgl.
- g. brot á ákvæðum 98. og 99. gr. bvl.

4. gr. Vettvangur

Heimilisofbeldi er ekki bundið við heimili geranda og/eða þolanda heldur getur átt sér stað hvar sem er.

5. gr. Málaskrá lögreglu

Mál samkvæmt reglum þessum skal skrá í málaskrá lögreglu undir verkefnaflokkinn *heimilisofbeldi* og vísa til brots eða brota, sbr. 3. gr.

Verkefnaflokkurinn heimilisofbeldi stendur aldrei einn og sér og skal ávallt tengdur ákvæðum barnaverndarlaga eða almennra hegningarlaga, t.d. líkamsárás, hótun eða kynferðisbroti (sbr. 3. gr.). Ávallt skal gera frumskýrslu vegna slíkra mála.

Ef grunur er um brot gegn 218. b. gr. hgl., þ.e. að endurtekið eða á alvarlegan hátt sé ógnað lífi, heilsu eða velferð fjölskyldumeðlims, skal skrá það samhliða verkefnaflokknum *heimilisofbeldi*. Með brotaflokknum 218. b. geta einnig staðið aðrir brotaflokkar.

Nú er lögreglan kölluð á vettvang þar sem ágreiningur er á milli skyldra og tengdra, en ekki er grunur um brot, sbr. 3 gr., og skal þá færa málið í málaskrá undir verkefnaflokkinn *ágreiningur milli skyldra/tengdra*.

Ávallt skal skrá tengsl aðila í máli, sbr. 2. gr. og aukaaðila málsins, sérstaklega ef börn tengjast aðilum. Nánari leiðbeiningar um skráningu má finna á innra neti lögreglu.

6. gr. Almenn atriði um útköll

- a. Sé vettvangur útkalls vegna heimilisofbeldis heimili geranda og/eða þolanda, þá skulu lögreglumenn afla upplýsinga um hugsanleg fyrri afbrot/verkefni þeirra sem skráðir eru með lögheimili á vettvangi og skotvopnaeign aðila á umræddu heimili frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra eða með öðrum hætti. Auk þess skal afla upplýsinga um tilkynnanda og fá framburð hjá honum vegna málsins.
- b. Kalla skal útistjórnanda á vettvang, sé þess kostur. Haft skal samband við rannsóknarlögreglumann og löglærðan fulltrúa eða þá sem lögreglustjóri felur verkefnið í innra skipulagi og upplýsa um málavexti þegar þeir liggja fyrir.
- c. Séu börn á vettvangi heimilisofbeldisútkalls skal starfsmaður barnaverndar upplýstur um stöðu mála og óskað skal eftir því að hann komi strax á vettvang. Séu börn tengd heimili eða aðilum (skráð á heimilið eða ef aðilar eiga börn) skal upplýsa starfsmann bakvaktar barnaverndarnefndar um málið og óska aðkomu hans. Ef börn búa ekki á heimili sem er vettvangur heimilisofbeldis skal leita eftir munnlegu samþykki frá brotþola fyrir því að lögregla megi kalla til starfsmann félagsþjónustu.
- d. Börn sem skráð eru til heimilis á vettvangi eða eru þar gestkomandi skal skrá í LÖKE sem aukaaðila í mál. Þá þarf að afla upplýsinga um hvort viðkomandi hafi börn á sínu framfæri, hvort hann/hún sé með forsjá barna, umgengni við börn o.s.frv. og skrá nöfn þeirra sem aukaaðila. Standa þarf vel að upplýsingaöflun

varðandi börn. Ef þunguð kona verður fyrir heimilisofbeldi eða rökstuddur grunur er um slíkt skal tilkynna málið til barnaverndar.

- e. Þegar komið er á vettvang og málavextir hafa verið kannaðir er mikilvægt að lögreglan geri sér grein fyrir því hvort um brot sé að ræða, sbr. 3. gr., eða hætta sé á því að brot verði framið.
- f. Ef koma þarf til handtöku vegna málsins þarf að uppfylla almenn skilyrði til handtöku, sbr. XIII kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þess ber að gæta að lögreglu er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra eða til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.
- g. Ef lögreglan er kölluð á heimili en er ekki hleypt þar inn getur hún þurft að grípa til annarra ráðstafana. Geta nágrannar þá orðið að liði ef þeir búa yfir vitneskju um aðra í fjölskyldunni sem hægt er að leita til.
- h. Lokaúrræði fyrir lögregluna getur verið að brjóta sér leið inn á heimilið þegar rökstuddur grunur er um að verið sé að fremja brot sbr. 3. gr. eða maður sé þar alvarlega slasaður eða veikur og bið eftir úrskurði dómara geti haft hættu í för með sér eða brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Við þessar aðstæður skal gæta heimilda í X. og XIII. kafla laga um meðferð sakamála, um leit og handtöku.
- i. Nú skilur sakborningur eða brotþoli íslensku ekki nægilega vel og skal þá lögregla leitast við að kalla til löggiltan dóm túlk eða annan hæfan mann til að annast túlkun. Ef ekki er unnt að biða eftir komu túlks á staðinn eða túlkur fyrir viðkomandi tungumál ekki aðgengilegur skal leitast við að nota símatúlkun. Ekki skal nýta aðstoð nákominna aðila við túlkun og taka skal tillit til smæðar samfélags og nýta símatúlkun ef samfélag er lítið (t.d. lítið málsamfélag). Ef sakborningur eða brotþoli er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal á sama hátt kallaður til kunnáttumaður til aðstoðar.

7. gr.

Söfnun upplýsinga á vettvangi

- a. Lýsa skal í frumskýrslu lögreglu aðstæðum á vettvangi eins vel og hægt er, sem og andlegu ástandi meints þolanda og geranda. Mikilvægt er að ljósmynda verksummerki á vettvangi ásamt því að taka niður nákvæman framburð af þolanda í einrúmi, með þeim upptökubúnaði sem lögreglumenn hafa yfir að ráða sé þess nokkur kostur. Sama á við um meintan geranda. Ljósmynda skal áverka á þolanda og geranda ef einhverjir eru.
- b. Skrá skal frásögn þolanda strax og fá hana undirritaða ef þess er nokkur kostur. Upplýsa þarf þolanda og geranda um réttindi sín samkvæmt lögum um meðferð sakamála og þar á meðal ákvæða 2. mgr. 65. gr. og 117. gr. um undanþágu frá vitnaskyldu.
- c. Afla skal framburða hjá vitnum á vettvangi, sem og skrá upplýsingar um þau. Hugsanlega hafa nágrannar mikilvægar upplýsingar fram að færa.

8. gr.

Aðstoð við brotþola og leiðbeiningar

- a. Lögreglumönnum sem hafa afskipti af heimilisofbeldismálum ber að auðsýna þolanda fyllstu tillitssemi og gæta fyllsta jafnræðis í samskiptum við aðila á vettvangi.
- b. Lögreglumenn þurfa að kunna skil á þeim úrræðum sem standa þolendum til boða og kynna þeim þau. Helstu úrræðin má finna í viðauka þessara reglna. Einnig skal benda á upplýsingabækling fyrir þolendur afbrota á vef Stjórnarráðsins (www.stjornarradid.is), sem geymir upplýsingar um réttindi þolanda og feril sakamála í meginatriðum.
- c. Ljósmynda þarf áverka þolanda og bjóðast til að aka honum á heilbrigðisstofnun. Ef þolandi leitar sér lækniaðstoðar skal afla heimildar frá þolanda til að fá læknisvottorð með undirskrift hans með sérstöku eyðublaði strax á vettvangi.
- d. Lögreglumenn skulu leiðbeina þolanda um réttindi hans, eftir því sem við á, og útskýra fyrir honum framhald málsins. Þá skal tilnefna brotþola réttargæslumann sbr. V. kafla laga um meðferð sakamála. Við vissar aðstæður er lögreglu heimilt að tilnefna brotþola réttargæslumann þótt hann hafi ekki óskað þess, sbr. 41. gr. laga um meðferð sakamála. Enn fremur er skylt að tilnefna þolanda réttargæslumann ef óskað hefur verið eftir nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili.
- e. Kynna þarf fyrir þolendum lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili og að hann geti lagt fram beiðni um nálgunarbann eða brottvísun hjá lögreglu. Slík beiðni getur einnig komið frá félagsþjónustu/barnavernd, lögreglustjóra, fjölskyldu brotþola eða öðrum sem er honum nákominn.
- f. Telji lögregla ástæðu til að ætla að þolandi treysti sér ekki til þess að leggja fram beiðni um nálgunarbann af ótta við geranda, eða honum sé það ókleift af öðrum sambærilegum ástæðum, getur lögregla af sjálfsdáðum ákvarðað um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili og aflað staðfestingar hjá dómstólum sbr. lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Þá skal upplýsa þolanda um að brjóti maður gegn nálgunarbanni geti það varðað sektum eða fangelsi og að brot sæti opinberri ákæru óháð kröfu þess sem misgert er við.
- g. Lögregla skal upplýsa þolanda um tímalengd nálgunarbanns.
- h. Ef það er mat lögreglu að þolandi sé í mjög viðkvæmri stöðu eða hættu gagnvart geranda (t.d. nálgunarbanni beitt og brottvísun af heimili, ítrekuð brot eða mjög alvarlegt mál) þá skal þolandi upplýstur um möguleika á að fá afhendan neyðarhnapp til að tryggja öryggi sitt. Neyðarhnappur skal tengdur viðurkenndu öryggisfyrirtæki sem lögreglustjórar hafa samið við og skal Neyðarlínu og Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra gert viðvart.
- i. Kynna þarf þolendum að heimilisofbeldismál séu rannsökuð óháð því hvort þeir leggi fram kæru og að lögregla geti að eigin frumkvæði farið fram á nálgunarbann eða brottvísun af heimili, auk þess sem ákæra kann að vera gefin út án þess að lögð sé fram kæra af hálfu brotþola.
- j. Hvetja skal þolanda til að fylgja málinu eftir með formlegum hætti sé slíkt áskilið í lögum sbr. t.d. 231. og 257. gr. hegningarlaga.

- k. Leiðbeina skal þolanda að hann geti komið bótakröfu að í refsímáli samkvæmt XXVI. kafla laga um meðferð sakamála, um einkaréttarkröfur. Hann kann að eiga rétt á að fá greiddar bætur vegna líkamstjóns og miska, samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolanda afbrota, nr. 69/1995. Samkvæmt 18. gr. laganna skal lögregla leiðbeina þolanda um rétt til greiðslu bóta samkvæmt þeim.
- l. Ef þolandi er útlendingur skal upplýsa hann um það að þótt hjúskap eða sambúð sé slitið þá útilokar það ekki að hann geti áfram fengið dvalarleyfi ef hann eða börn hans hafa sætt misnotkun eða öðru ofbeldi af hálfu maka, sbr. b-lið 9. mgr. 70. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.
- m. Lögregla heldur áfram rannsókn máls ef fyrir liggja skýrar vísbendingar um að brot, sbr. 1., 2. og 3. gr., hafi verið framin, þrátt fyrir að þolandi vilji ekki aðstoða við rannsóknina, eða hann hafi afturkallað kæru sína, nema því aðeins að málshöfðun sé háð kröfu þess sem misgert er við.
- n. Lögregla skal eftir fremsta megni aðstoða og tryggja öryggi þolanda, m.a. með því að bjóða honum aðstoð við að komast í athvarf eða á annað heimili sem stendur honum til boða, séu úrræði laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili ekki tæk, eða óski þolandi eftir því.
- o. Ef þolandi er fatlaður skal tilkynna réttindagæslumanni fatlaðs fólks um málið sbr. 6. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

9. gr.

Leiðbeiningar til sakbornings

- a. Lögreglumönnum sem hafa afskipti af heimilisofbeldismálum ber að auðsýna meintum geranda fyllstu tillitssemi.
- b. Lögreglumenn skulu leiðbeina meintum geranda um réttindi hans eftir því sem við á og útskýra fyrir honum framhald málsins. Þá skal tilnefna honum verjanda sbr. IV. kafla laga um meðferð sakamála, einkum 1. og 2. mgr. 30. gr. laganna. Enn fremur er skylt að tilnefna geranda verjanda ef óskað hefur verið eftir nálgunarbanni og eða brottvísun af heimili, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.
- c. Lögreglumanni ber að greina meintum geranda frá tilefni afskipta og skýrslutöku. Ásamt því að kynna fyrir honum hvaða háttsemi honum er gefin að sök og kynna fyrir honum ákvæði laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili, eftir því sem við á og leiðbeina um málsmeðferð og kæruleiðir.
- d. Kynna þarf meintum geranda þau úrræði sem standa honum til boða. Helstu úrræðin má finna í viðauka þessara reglna. Einnig kunna önnur úrræði að styðja við gerendur eins og áfengis og vímuefna meðferð, sálfræðimeðferð o.fl.
- e. Ef koma þarf til handtöku vegna málsins þurfa almenn skilyrði til handtöku, sbr. XIII kafla laga um meðferð sakamála, að vera uppfyllt. Við handtöku skal upplýsa þann sem handtekinn er um ástæður hennar sbr. 1. mgr. 93. gr. laganna og rétt hans til að vera leiddur fyrir dómara innan 24 klst. frá því að hann var sviptur frelsi. sbr. 94. gr. sömu laga.
- f. Lögregla skal upplýsa meintan geranda um það að hún haldi áfram rannsókn máls ef fyrir liggja skýrar vísbendingar um að brot, sbr. 1., 2. og 3. gr., hafi verið framin,

þrátt fyrir að þólandi vilji ekki aðstoða við rannsóknina, eða hann hafi afturkallað kærú sína, nema því aðeins að málshöfðun sé háð kröfu þess sem misgert er við.

10. gr. Hættumat

Þegar um er að ræða ofbeldi í nánú samböndum skal gera áhættumat með viðúrkenndu matstæki, því sem lagt er til af embætti ríkislögrelustjóra. Áhættumat skal gert til þess að meta yfirvofandi hættu, hættu á alvarlegu ofbeldi og til þess að útbúa aðgerðaráætlun til þess að tryggja öryggi brotþola í samræmi við mat. Tryggt skal að aðgerðáætluninni verði fylgt eftir. Telji lögrelustjóri þörf á að forgangsraða málum áður en kemur til áhættumats, skal nota til þess viðúrkennt matstæki sem embætti ríkislögrelustjóra leggur einnig til og byggja aðgerðir í framhaldinu á niðurstöðu þess.

Áhættumatstæki sem er sérhæft fyrir ofbeldi í nánú samböndum er ekki ætlað að meta hættu á annars konar ofbeldi (eins og ofbeldi gegn börnum, vanrækslu eða kynferðislegu ofbeldi sem á sér stað utan náins sambands) eða annars konar afbrotum sem ekki eru ofbeldistengd. Ef grunur er á því að barn geti verið þólandi heimilisofbeldis, hvort sem það er beint eða óbeint eða að barn hafi sýnt af sér ofbeldisfulla hegðun, skal í samvinnu við barnavernd séð til þess að öryggi barns sé tryggt.

Sé ekki um ofbeldi í nánú samböndum að ræða og heldur ekki börn, skal metið með tilliti til sögu málsaðila, alvarleika verknaðar og ítrekunar, hvort brotþola eða öðrum kunni að vera hætta búin.

Þegar leggja á áhættumat til grundvallar ákvörðunum á ákærusviði þarf sá sem það gerir að útbúa matsgerð út frá áhættumatinu. Þar skulu allar helstu upplýsingar koma fram en þess gætt að viðkvæmar persónuupplýsingar séu ekki þar á meðal, hvorki tengdar brotþola, aðstæðum hans né hinum grunaða. Þar er t.d. átt við upplýsingar um viðverustaði, trúnaðarupplýsingar (t.d. upplýsingar frá heilbrigðisstofnunum og sambærilegt) og annað sem gæti haft áhrif á öryggi viðkomandi eða er háð þagnarskyldu.

Embætti ríkislögrelustjóra leggur til áhættumatstæki fyrir ofbeldi í nánú samböndum ásamt leiðbeiningum, eyðublað til forgangsroðunar, þjálfun og handleiðslu. Gögnin eru aðgengileg á innri vef lögrelunnar.

11. gr. Nálgunarbann og brottvísun af heimili

Heimilt er að beita nálgunarbanni ef:

- a. rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotþola, eða
- b. hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotþola skv. a-lið.

Heimilt er að beita brottvísun af heimili ef:

- a. rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot gegn ákvæðum XXII.–XXIV. kafla almennra hegningarlaga og/eða 108. gr., 233. gr.,

233. gr. b, 253. gr. og/eða 257. gr. sömu laga og verknaður hefur beinst að öðrum sem er honum nákominn og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, enda varði brotið fangelsi allt að sex mánuðum, eða

b. hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola skv. a-lið.

12. gr. Eftirfylgni

Sá lögreglumaður sem er ábyrgur fyrir máli (eða sá sem lögreglustjóri hefur tilgreint) ber ábyrgð á að því sé fylgt eftir með viðeigandi hætti. Þegar um er að ræða ofbeldi í nánu sambandi (gegn maka eða fyrrum maka eða þriðja aðila því tengdu) er viðeigandi eftirfylgni metin í hverju máli fyrir sig, byggt á aðstæðum hverju sinni og niðurstöðum forgangsröðunar og/eða áhættumats (B-SAFER), sbr. 10. gr.

Eftirfylgni felur í sér að athuga hvort vísbendingar séu um að heimilisofbeldi sé enn við lýði, eftir atvikum hvernig heimilisástand er almennt og hvort þolandi hafi nýja áverka eða hvort eldri áverkar séu orðnir sýnilegri og ljósmynda þá. Þá skal lögregla endurmeta hættu á yfirvofandi/ítrekuðu ofbeldi miðað við síðasta mat gefi aðstæður tilefni til þess sem og að endurtaka fyrri leiðbeiningar til þolanda og geranda um úrræði, eftir því sem við á.

Eftirfylgni getur verið í formi símtals/símtala eða heimsóknar. Sé einhver grunur um að aðili sé eða geti hugsanlega verið í hættu (m.v. forgangsröðun/áhættumat), skal eftirfylgni í öllum tilfellum vera í formi heimsóknar. Æskilegt er að lögreglumaður sem fylgir máli eftir hafi komið að því á fyrri stigum og eftirfylgni sé unnin í samvinnu við félagsþjónustu/barnavernd hafi hún komið að málinu. Eftirfylgni skal fara fram sem fyrst, helst innan 10 daga frá því atvik átti sér stað.

Búi þolandi ekki í því lögregluumdæmi sem er með málið og viðkomandi rannsóknarlögreglumanni er ekki unnt að heimsækja hann vegna þess, þá skal gera því lögregluumdæmi sem þolandi býr í viðvart og embættið sem fær upplýsingarnar skal fylgja málinu eftir.

13. gr. Afturköllun kæru

Nú óskar þolandi eftir því að afturkalla kæru sína og skal þá fara þess á leit að hann gefi skýrslu um þá ákvörðun. Þar komi fram hverjar eru ástæður afturköllunar, s.s. hvort skýrsla sem áður var gefin sé rétt og hvort hann hafi verið beittur þrýstingi.

Ef þolandi neitar að gefa skýrslu um þessi atriði skal lögreglumaður sem við hann ræðir gera eigin skýrslu um samskipti sín við hann og út á hvað þau gengu.

Gera skal þolanda grein fyrir því að máli kunni að vera haldið áfram af hálfu lögreglu, þrátt fyrir breyttan framburð, ef grunur er um að gerandi hafi framið refsivert brot.

14. gr.

Málshraði

Hraða skal rannsókn máls út af heimilisofbeldi, sbr. að öðru leyti fyrirmæli / leiðbeiningar ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma.

Ber sérstaklega að hafa huga knappa tímafresti. Lögreglustjóri tekur ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili. Hraða skal meðferð máls og taka ákvörðun svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sólarhring eftir að beiðni hefur borist eða mál komið upp. Lögreglustjóra er skylt að bera ákvörðun um beitingu úrræðisins undir héraðsdóm til staðfestingar eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að ákvörðun hefur verið birt sakborningi.

Í ljósi ofanritaðs er mjög brýnt að öll gögn í málinu svo sem skýrslur, myndir, upptökur og vottorð séu fyrirbyggjandi eins fljótt og unnt er.

15. gr.

Rýni mála

Mál sem skráð eru sem heimilisofbeldi eða ágreiningur milli skyldra/tengdra í LÖKE skulu að jafnaði rýnd að minnsta kosti mánaðarlega af stjórnendum eða öðrum sem stjórnendur hafa falið það verk. Skal sú rýni miða að því að meta hvort um rétta skráningu samkvæmt reglum þessum sé um að ræða og hvort viðbrögð af hálfu lögreglu hafi verið samkvæmt reglunum.

16. gr.

Gildistaka

Verklagsreglur þessar taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála frá 2. desember 2014.

Reykjavík, 13. september 2018

Haraldur Johannessen

VIÐAUKI
með verklagsreglum um skráningu og meðferð
heimilisofbeldismála

Almenn atriði um neyðarmóttöku og aðra þjónustu:

Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisbrota er hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi við Fossvog í Reykjavík (sími 543 2001) og við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (sími 463 0100). Þjónusta sem þar er veitt er endurgjaldslaus og opið er allan sólarhringinn.

Kvennaathvarfið (sími 561 3720/561 1205 (neyðarnúmer)) býður þjónustu allan sólarhringinn og er opið öllum konum og börnum.

Stígamót við Laugaveg 170 í Reykjavík (sími 562 6868/800 6868) og Aflið á Akureyri (sími 461 5959/857 5959) – systursamtök Stígamóta - veita þolendum kynferðisbrota aðstoð án endurgjalds.

Heimilisfriður við Höfðabakka 9 í Reykjavík (sími 555 3020) er sérhæft meðferðarræðið fyrir þá sem beita ofbeldi í nánum samböndum.

Bjarkarhlíð, Bústaðavegi í Reykjavík (sími 553 3000). Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Opið virkar daga kl. 9-17.

Samtökin 78. Fagmenntaðir ráðgjafar hjá samtökunum veita ráðgjöf til einstaklinga og eða aðstandenda þeirra um hvaðeina er viðkemur hinsegin tilveru. Ráðgjöfin er ókeypis. Hægt er leita eftir ráðgjöf á heimasíðu samtakanna <https://samtokin78.is/>

Ýmis önnur samtök og stofnanir bjóða fram aðstoð sem skipt getur máli fyrir þolendur og gerendur, en einnig fyrir aðstandendur þeirra. Nánari upplýsingar um þessa aðstoð geta lögreglumenn sótt á innri vef lögreglunnar, undir liðnum *Heimilisofbeldi, aðstoð í boði*.

Í umdæmum þar sem ekki eru sérstök eða formleg úrræði fyrir þolendur getur starfsfólk heilsugæslustöðva gegnt mikilvægu hlutverki.